

Sveitarfélagið Múlaþing
Lyngási 12
700 Egilsstöðum

Selfossi, 26. mars 2024
Tilvísun: 18081324

Efni: Beiðni um umsögn vegna sjókvíaeldis Fiskeldis Austfjarða í Seyðisfirði


Matvælastofnun hefur til meðferðar umsókn um rekstrarleyfi Fiskeldi Austfjarða hf. vegna sjókvíaeldis í Seyðisfirði. Sótt er um 10.000 tonna hámarkslífmassa af laxi. Fyrirtækið mun stunda kynslóðaskipt sjókvíaeldi á þremur staðsetningu í Seyðisfirði: í Sörlastaðavík, Selstaðavík og Skálanesbót.

Með vísan til 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi óskar Matvælastofnun hér með eftir umsögn sveitarfélagsins Múlaþings vegna fyrirhugaðrar leyfisveitingar um það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvarinnar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Framkvæmdin var háð mati á umhverfisáhrifum en nánari upplýsingar má finna í matsskýrslu Fiskeldis Austfjarða hf. sem barst Skipulagsstofnun í 3. nóvember 2020 og í álit Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar sem gefin var út 31. desember 2021.

Umsögn óskast send Matvælastofnun á netfangið mast@mast.is fyrir 23. apríl 2024. Ef ákveðið verður að veita ekki umsögn er þess óskað að staðfesting þar um verði send á fyrrgreint tölvupóstfang.

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar



Jónína Guðmundsdóttir
Sérfræðingur – lögfræðingur
Fiskeldisdeild

Meðfylgjandi fylgigögn:

- Matsskýrsla Fiskeldis Austfjarða
- Álit Skipulagsstofnunar.